

## AUGLÝSING

### um afgreiðslu Kópavogsbæjar á tillögum að breyttu deiliskipulag.

#### *Aflakór 6. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Kópavogsbæjar samþykkt þann 22. maí 2018 breytingu á deiliskipulagi fyrir Aflakór 6. Í breytingunni felst að í stað einbýlishúss verði heimilað að byggja parhús á lóðinni, byggingarmagn er aukið úr 350 m<sup>2</sup> í 420 m<sup>2</sup>, heimilaðar eru útbýggingar/skyggni á efri hæð 2,5 x 3,6 m á norður- og suðurhlið hússins, hámarkshæð hússins verði 6,7 m í stað 6,3 m og bílastæði á lóð verða fjögur í stað þriggja.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Nýbýlavegur 10. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Kópavogsbæjar samþykkt þann 22. maí 2018 tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir Nýbýlaveg 10. Í tillögunni felst að einni íbúðarhæð er bætt við norðanmegin í byggingarreit án þess að farið sé fyrir uppgefna hámarkshæð hans, íbúðum er fjölgað um 11, dregið er úr stærð atvinnuhúsnæðis og gert er ráð fyrir fjölgun bílastæða á jarðhæð.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 44. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Dimmuhvarf 11b og 11c. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Kópavogsbæjar samþykkt þann 22. maí 2018 breytingu á deiliskipulagi fyrir Dimmuhvarf 11b og 11c. Í breytingunni felst að byggingarreitir bílgeymsla eru sameinaðir byggingarreitum íbúða og þeir stækka til suðausturs um 1,5 m. Byggingarmagn á hvorri lóð verður 185 m<sup>2</sup>.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 44. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 1. júní 2018.*

**Birgir Hlynur Sigurðsson** skipulagsstjóri.